

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Skuggasundi 1
150 Reykjavík.

Hafnarfirði, 1. mars 2013
Málsnr. 1302377

Efni: Umsögn Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðarbæjar um drög að reglugerð í samræmi við b-lið 2. mgr. 6. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Í bréfi þessu er sett fram umsögn Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðarbæjar varðandi drög að reglugerð um náttúruvernd þar sem segir að hlutverk Umhverfisstofnunnar sé m.a. að hafa eftirlit með því að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum, framkvæmdum eða rekstri, að svo miklu leyti sem slíkt eftirlit er ekki falið öðrum með sérstökum lögum.

Hafnarfjarðarbær tekur undir að skynsamlegt sé að setja reglugerð um eftirlit Umhverfisstofnunnar með náttúru landsins og tímabært sé að bregðast við náttúruspjöllum af ýmsu tagi. Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar eru skilgreind náttúruverndarsvæði og friðlýst svæði, önnur náttúruverndarsvæði og efnistökusvæði og einnig hefur verið gerð umhverfis- og auðlindastefna um Hafnarfjörð sem er hluti af heildarstefnumótun bæjarfélagsins í umhverfismálum. Sveitarfélagið hefur með öðrum orðum góða yfirsýn yfir náttúruverndarsvæði innan sinnar lögsögu og hefur gott eftirlit með náttúruverndarsvæðum.

Það er mat skipulags- og byggingarsviðs að það vanti að setja inní þessi drög að allt eftirlit umhverfisstofnunnar sé gert í samráði við viðkomandi sveitarfélög og landeigendur.

Berglind Guðmundsdóttir

Landslagsarkitekt fíla

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður
Sími 585 5619 | GSM 664 5619

www.hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR